

Átthagafélag Sandara  
35 ára afmælishátíð á Hellissandi  
24.-25. júní 1989.

Í faðmi blárra fjalla þið mælið ykkur mót,  
að minnst liðins tíma á ykkar heimaslóðum.  
Þar sem ennþá glóir á gömul gengin spor  
og geymist lítil saga í fornum æskuljóðum.  
Því hver ein lítil saga er ljós á langri leið,  
sem lýsir ykkur ávallt að ýmsum vegamótum.  
Hún endurspeglar minningarnar, um hið ljúfa líf,  
og leiðir undurhljótt að fornum ættarrótum.

Og aftur verða örnefnin á öllu núna ný,  
því náttúran sig tengir við atburð fyrri daga.  
Minninganna leiftur setur allt á svið,  
svífur inn í fortíðina, þetta er lífsins saga.  
Þó að þú sért horfinn heimaslóðum frá,  
er hugurinn í fjarlægð, rótum bundinn.  
Já, þó að þú sért farinn er þetta landið þitt,  
og þráin leitar stöðugt heim í æskulundinn.

Hlusta þú nú vinur, á landsins lúðrahljóð,  
leiftra eins og örskot yfir tímans vegi.  
Harmahljóðin kveða hin hörðu hörpuslög,  
hljóma djúpt í minningunni á annasömum degi.  
Hrynja af Hreggnasa, hin hrjúfu hörðu högl,  
hrynur við Brimnes aldan þunga stranga.  
Syngja í klungrum svippung veðratröll,  
svartnættisveturinn ógnarlega langa.

Hlustaðu líka á vorsins þýða vin,  
vakna til starfa á þínum æskudegi,  
bera þér ljúfsárt með blævæng sínum inn,  
blómangan hreinan um landsins óravegi.  
Hlustaðu vinur á hafsins þýða þyt,  
þjóta um vanga sem álfamær í draumi  
birti þér ósk í bláum hulduheim,  
handan við þras og fjarri borgarglaumi.

Land þitt og sagan, þinn eini arfur er,  
sem eflir þinn vilja á slóðum nýrra heima.  
Sá arfur ei glatist, hann gleymist aldrei þér,  
gefur kraft og visku, þín vitund mun hann geyma.  
Gættu að þeim götum sem þú fyrrum fórst,  
fetaðir sem barn við upphaf nýrra vega.  
Gættu að vörðum, sem með höndum ungum hlóðst,  
og heit sem voru unnin, full af ást og trega.  
Skartar nú landið í skapara síns mynd,  
skrautblómum ~~hæðir~~ vafið. Hlaðin dyngja mosa.  
Ljúfsárir tónar lítilli frá lind,  
lautir og hæðir við gestum sínum brosa.  
Aldan við sandinn suðar gamlan seið,  
sunnanblær ljúfur strýkur létt um vanga.  
Lóunnar hljómur ómar hérna enn,  
og erjandi er kría fram við ysta tanga.  
Við ássins fótskör, þið fallið núna fram,  
finnið styrk og kraft í nánd við konung fjalla.  
Hann eflir ykkar vilja og visku heimi í,  
vaskir ættargarðar úr fortíðinni kalla.  
Velkomin þið verið til ættarstranda enn,  
og eignist glaða stund á ykkar heimaslóðum.  
Börnin ungu smáu, víf og vaska menn,  
af vináttu og kærleik ykkur bjóðum.

K.K.